

Kópavogur 1. 12. 2022

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024.

Umsögn þessi varðar þann lið er snýr að fyrirhugaðri Breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Nr. 96/1995

Það virðist ekki alveg skírt að allir innlendir smáframleiðendur geti nýtt ákvæði lagana. Þarsem einungis er talað um að framleiðandi þurfi að framleiða vörur skv 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Á sinni starfsstöð. Ekki er tekið fram að smáframleiðandinn megi einnig framleiða vörur skv 1.2. og 3. lið. þas gerjað vín og sterkt áfengi.

Ég tel líklegt að það hafi gleymst að taka fram vöruflokka víns og sterks áfengis. Þarsem það myndi vekja talsverða furðu ef frumvarpið mismunaði smáframleiðendum þannig að einungis þeir sem framleiða bjór meigi nýta afsláttinn í sínum rekstri.

Lagt er því til að skerpt verði á breiðletraða liðnum og bætt inn liðum 2. (gerjað vín) og 3. (annað áfengi)

2. Áfengur drykkur er framleiddur af sjálfstæðum framleiðanda. Framleiðandi telst sjálfstæður ef hann uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a. Framleiðandi framleiðir vörur sem heyra undir þá vöruliði sem tilgreindir eru í **1. tölul. 1. mgr. 3. gr.** á starfsstöð sinni, með eigin framleiðslutækjum, og á grundvelli eigin framleiðsluleyfis.

Virðingarfyllst.

Snorri Jónsson

64°Reykjavík Distillery ehf.

Gjaldkeri Samtaka Íslenskra eimingarhúsa. (Distilleries)